

Nd.

424. Frumvarp til laga

[181. mál]

um heimild til hækkunar kvóta og framlags Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 23 milljónir Bandaríkjadollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf til hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að semja um hækkun á framlagi Íslands hjá Alþjóðabankanum úr 15 milljónum Bandaríkjadollara í 18.4 milljónir Bandaríkjadollara.

Til þess að standa straum af hækkun framlagsins heimilast ríkisstjórninni að taka lán í Seðlabankanum, er jafngildi allt að 340.000 Bandaríkjadollurum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Kvótahækkun hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skv. 1. gr. frv.

Þegar Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var kvóti Íslands hjá honum ákveðinn 1 milljón dollara. Síðan hefur kvótinn verið hækkaður í áföngum í 15 milljónir dollara.

Er það regla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að endurskoða kvóta þáttökuríkja á fimm ára fresti.

Kvótahækkun sú, sem nú er á döfinni, fellur í tvo flokka.

Annars vegar er um að ræða almenna hækkun kvóta, er nemur 25% og er gerð til þess að auka ráðstöfunarfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Hins vegar koma til sérstakar kvótahækkunar einstakra þáttökuríkja, þannig að tekið sé tillit til mismunandi efnahagsþróunar ríkjanna. Metur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kvótahækkun einstakra ríkja miðað við þjóðartekjur, utanríkisviðskipti, stöðugleika útflutningstekna, gjaldeyrisstöðu og fleira.

Samkvæmt útreikningum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á Ísland nú umfram hina almennu hækkun rétt á sérstakri hækkun, er nemur 28.3% ofan á núverandi kvóta, og er því heildarhækkun kvóta Íslands ráðgerð 8 milljónir dollara, úr 15 í 23 milljónir dollara.

Hin sérstaka kvótahækkun hefur mikla þýðingu vegna þess, að úthlutun hinna nýju gjaldeyrissjóðanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (Special Drawing Rights) er ákveðin í hlutfalli við kvóta. Hefur þetta valdið því, að flest lönd hafa lagt mikla áherzlu á að fá eins mikla sérstaka hækkun og kostur hefur verið.

Virðist ekki vera áhorfsmál, að hækkun kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum er verulegt hagsmunamál. Lánsmöguleikar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum takmarkast af kvóta þáttökuríkja og hlutdeild ríkja í hinum sérstöku gjaldeyrissjóðnum, sem áður getur, fer eftir hlutfallslegri stærð kvóta þeirra af heildar kvótum allra þáttökuríkja.

Af kvótahækkun þarf að leggja $\frac{1}{4}$ fram í gulli, sem Seðlabankinn gerir sem fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir Íslands hönd. Má skoða það framlag sem hluta gjaldeyrissjóðsins, þar sem heimilt er að draga á það, hvenær sem er og án fyrirvara.

Framlag til Alþjóðabankans, skv. 2. gr. frv.

Framlag Íslands til Alþjóðabankans var í upphafi 1 milljón dollara, en hefur hækkað í áföngum í 15 milljónir dollara.

Þeirri venju hefur verið haldið til þessa, að aukning kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hafi haldizt í hendur við aukningu stofnfjár Alþjóðabankans. Þetta hefur þó ekki alltaf átt við almennar hækkunar kvóta við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Þegar um sérstakar hækkunar á kvóta einstakra ríkja hefur verið að ræða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hefur hins vegar ætíð verið gert ráð fyrir líkri hækkun stofnfjár hjá Alþjóðabankanum.

Nú er gert ráð fyrir, að framlag Íslands til Alþjóðabankans verði hækkað úr 15 í 18.4 milljónir dollara, sem er hækkun um tæplega 23%, en hin umrædda sérstaka kvótahækkun Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nemur um 28.3%.

Greiðsluskylda á framlaginu til Alþjóðabankans hefur verið minni en við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, framan af í reynd 20% framlags og á seinni árum við sérstakar kvótahækkunar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 10%.

Af aukningu framlagsins til Alþjóðabankans þarf að greiða 1% í upphafi, en önnur 9% eftir nánara samkomulagi, væntanlega á nokkrum árum. Hins vegar eru 90% af auknu stofnfé aðeins ábyrgðarfé. Greiðsluskylda landsins til Alþjóðabankans nú mun því nema 340.000 dollurum.

Atkvæðagreiðslu af hálfu þáttökuríkja um hækkun framlaga til Alþjóðabankans lýkur 30. júní n. k.

Er leitað heimildar Alþingis í 1. og 2. gr. frumvarpsins til hækkunar kvóta og framlags Íslands við umræddar stofnanir, og í 2. málsgrein 2. gr. frumvarpsins er leitað heimildar fyrir ríkissjóð að taka lán hjá Seðlabankanum til þess að standa undir greiðsluskyldu af hækkuðu framlagi til Alþjóðabankans.